



Kæru félagar nær og fjær!

Ég heiti Þóra Leósdóttir og býð mig fram til formanns Iðjubjálfafélags Íslands (ÍÞÍ) í komandi kosningum. Það eru sannarlega gleðileg tímamót að ráða eigi formann í fullt starf enda verkefni fram undan fjölmörg og krefjandi. Ég er afskaplega stolt af því að vera iðjubjálfi, hef ríkan metnað fyrir fagi og starfi og sé fram á fjölmörg sóknarfæri fyrir iðjubjálfun hér á landi í framtíðinni.

Helstu áherslumál mín eru að:

- bæta kjör iðjubjálfa og standa vörð um réttindi þeirra
- gera iðjubjálfun sýnilegri í samfélaginu
- auka aðgengi fólks að þjónustu iðjubjálfa
- stuðla að tækifærum og rétti allra til iðju og þátttöku
- efla rannsóknir og nýsköpun innan fagsins

En aðeins um mig. Ég er 56 ára, fædd í Reykjavík og ólst upp í Laugardalnum. Ég lauk Diploma prófi frá Iðjubjálfaskólanum í Kaupmannahöfn 1988 og BSc gráðu í iðjubjálfunarfræði frá Háskólanum á Akureyri 2006. Að auki tók ég MPM gráðu í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík 2013. Að grunnnámi loknu starfaði ég í þrjú ár á endurhæfingardeild Sjúkrahúss Kaupmannahafnar. Þar vann ég í hópi 25 iðjubjálfa, tók þátt í gæðapróun, var trúnaðarmaður og gegndi félagsstörfum innan danska iðjubjálfafélagsins. Ég fluttist heim til Íslands 1991, vann á Æfingastöð SLF í fimm ár og hóf síðan störf á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 1996. Ég hef allt frá menntaskólaárum, sem sjúkraliði og síðar sem iðjubjálfi starfað með börnum, unglingum, fullorðnu fólki og öldruðum með skerta færni. Hef reynslu af því að starfa á vistheimili, sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, við greiningu, ráðgjöf og fræðslu vegna fatlaðra barna og ungmenna, við stjórnun verkefna og þverfaglegra teyma, ritstörf og fræðslu. Ég hef ávallt lagt mig fram um að fylgjast með nýjustu þekkingu innan fags og starfssviðs, hef tekið þátt í rannsóknum og ritun fræðigreina og komið að þýðingu og staðfæringu matstækja ætluðum iðjubjálfum og öðrum heilbrigðisstétum.

Reynsla mín af félagsstörfum innan ÍÞÍ, bæði á árum áður og síðustu misserin sem formaður kjaranefndar er töluverð. Þegar ég flutti heim til Íslands tók ég sæti í fræðslunefnd ÍÞÍ og síðan leiddi eitt af öðru. Ég var í ritnefnd um árabíl og ritstjóri Iðjubjálfans, síðar fulltrúi í stjórn ÍÞÍ og varaformaður félagsins. Ég sat í iðorðanefnd, var ein af stofnendum faghóps um iðjubjálfun barna og framkvæmdastýra ásamt öðrum. Var í hlutastarfi á skrifstofu ÍÞÍ þar sem ég sinnti meðal annars félagaskráningu, heimasíðu og afgreiðslu erinda frá félagsmönnum. Var í heimasíðunefnd og síðar í stjórn fræðslusjóds. Er nú virkur þátttakandi sem formaður kjaranefndar ÍÞÍ á ýmsum vettvangi BHM. Ég hef einnig starfað með hagsmunasamtökum gegnum tíðina. Þar er helst að nefna umsjón hópastarfs, gerð fræðsluefnis og verkefnastjórnun fyrir Einhverfusamtökin.

Ég er áreiðanleg, trygg og félagslynd manneskja og brenn fyrir bættri velferð og heilsu allra í samfélaginu. Hef góða samskipta- og skipulagsfærni og á auðvelt með að vinna með fólki. Er lausnamiðuð í samstarfi og sterk í að greina tækifæri og áskoranir. Ég legg metnað minn í að bera kennsl á og laða fram styrkleika hvers og eins, þannig að samlegðaráhrif og árangur náist í teymisvinnu. Ég er meðvituð um mannlegan margbreytileika og það sem er valdeflandi í daglegu lífi fólks. Hef gott vald á íslensku og góða dönsku- og enskukunnáttu, skil að auki sænsku og norsku vel. Ég er gift, á 14 ára gamla dóttur, uppkomna stjúpdóttur og eitt stjúpömmubarn. Auk þess að hafa mikinn áhuga á sýn iðjubjálfunar og fagmennsku er mér umhugað um samfélagsmál og mannréttindi. Önnur áhugasvið eru ferðalög, náttúra, útivist, hreyfing, matargerð, menning og listir.

Ég vil að lokum þakka þeim mörgu frumkvöðlum innan Iðjubjálfafélags Íslands sem ég hef verið svo heppin að kynnast og starfa með. Hljóti ég kosningu sem formaður ÍÞÍ mun ég leggja mig fram um að sinna félaginu og félagsmönnum þess af kostgæfni, iðjubjálfun á Íslandi til heilla.

Ykkar einlæg

Þóra Leósdóttir